

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1156
komudagur S. 4. 2005

Til félagsmálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2005

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar þingsályktunartilaga um bætt starfsumhverfi kvennahreyfinga á Íslandi, 56. mál.

Stjórn LEB hefur fjallað um málið og tekur undir það sjónarmið að æskilegt væri að efla það starf sem miðað gæti að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi en í dag virðist vera. Sérstaklega vill stjórnin benda á að í lífeyrismálum eldri kvenna, sem hafa margar mikinn hluta starfsævi sinnar verið heimavinnandi gætir mikils ósamræmis gagnvart útvinnandi fólki.

Fleiri dæmi mætti nefna en augljóst er að enn er mikið verk óunnið í jafnréttismálum kynjanna á Íslandi. Því mælir stjórn LEB með að umrædd þingsályktunartilaga verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórn LEB



Benedikt Davíðsson